

Föstudaginn 16. júní 1989.

Nr. 272/1988. **Skiptaráðandinn í Hafnarfirði**
f.h. dánarbús Jóns Guðmundssonar

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Ólafi Ísleifssyni

(Ólafur Axelsson hrl.).

Bifreiðar, kaup og sala. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 244.367,20 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. júní 1987 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. júní 1988. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Tvö vitni hafa borið um ástand bifreiðarinnar Y 286, þegar stefndi keypti hana af Jóni heitnum Guðmundssyni. Ber vitnunum saman um, að ástandið hafi verið lélegt. Er nægilega sannað, að verðmæti bifreiðarinnar hafi verið mun minna en kaupverð það, sem skráð var í samning aðila. Ber því að staðfesta héraðsdóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánarbú Jóns Guðmundssonar, greiði stefnda, Ólafi Ísleifssyni, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Stefndi skýrir svo frá, að hann hafi selt Stefáni Finnbogasyni, mági sínum, eignarhlut sinn í „videó“-leigu og þá fengið frá Stefáni átta skuldabréf, hvert að fjárhæð 50.000,00 krónur. Fjögur þeirra hafi verið tryggð með sjálfskuldarábyrgð tveggja manna. Hin fjögur hafi verið tryggð með fasteignaveði. Bréf þau, sem fjallað er um í máli þessu, voru tryggð með 5. veðrétti í fasteigninni Melavegi 16 á Hvammstanga, en þinglesinn eigandi hennar var Magnús Aðalsteinsson, mágur Stefáns Finnbogasonar. Stefndi, sem er bílamálari að atvinnu, kveðst hafa reynt að selja bréf þessi. Hann hafi verið peningalítill á þessum tíma. „Ég var að „starta“ verkstæðinu hjá mér og þurfti að fá peninga fljótt. Ég var búinn að reyna að selja þessi bréf, en þar sem Stefán var á skrá, þá gekk það ekki.“ Samkvæmt vætti vitnisins Vilhelms Sverrissonar var hér um að ræða vanskilaskrá, sem Reiknistofa Hafnarfjarðar „gefur út, hún er nú kölluð „svarta bókin“...“ Aðspurður, hvort hann gerði töluvert af því að kaupa bíla, gera við þá og selja aftur, svaraði stefndi: „Ég kaupi stundum bíla, vegna þess að starf mitt er þannig vaxið, ef það koma dauðir tímar, að þá verður maður að hafa eitthvað að grípa í.“ Stefndi kveðst hafa farið með ljósrit af skuldabréfunum á tvær bilasölur, en aðra þeirra hafi Vilhelm Sverrisson rekið ásamt föður sínum. Hafi væntanlegir seljendur bifreiða mátt velja um, hvort þeir tækju skuldabréf með sjálfsábyrgðarmönnum eða bréf með fasteignaveði sem greiðslu.

Ekki er annað fram komið í málinu en Jón heitinn Guðmundsson hafi í nefnt sinn verið að selja einkabifreið sína. Umsamið verð bifreiðarinnar var 100.000,00 krónur. Gegn andmælum áfrýjanda hefur stefndi ekki sannað, að verðmæti bifreiðarinnar, miðað við greiðsluskilmála, hafi verið annað og lægra. Þrátt fyrir staðhæfingar stefnda þykir verða að gera ráð fyrir því, að Jón Guðmundsson hafi tekið við veðskuldabréfunum á þeim forsendum, að þau fengj-ust greidd af skuldara þeirra eða af andvirði veðsins. Þar sem bréfin voru ekki greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir, verður að líta svo á, að stefndi hafi ekki staðið seljanda skil á söluandvirðinu. Jón Guðmundsson seldi veðskuldabréfin og tókst þá á hendur sjálfskuldarábyrgð á þeim. Verður stefndi því ekki talinn bera ábyrgð

á hærri fjárhæð en nemur söluandvirðinu. Ég tel því, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda 100.000,00 krónur ásamt vöxtum eins og krafist hefur verið, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 9. maí sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 17. ágúst 1987.

Sóknaraðili er Guðjón Steingrímsson hrl. f.h. skiptaráðandans í Hafnarfirði vegna dánarbús Jóns Guðmundssonar, nnr. 5135-5881, Hjallabraut 3, Hafnarfirði.

Stefndi er Ólafur Ísleifsson, nnr. 6767-7234, nú til heimilis að Helgalandi 12, Mosfellsbæ.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að stefnda verði gert að greiða 244.367,20 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. júní 1987 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Þess er og krafist, að stefnanda sé heimilt að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. júní 1988, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómara.

I.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að Jón Guðmundsson, sem lést 12. júní 1987, hafi selt stefnda bifreiðina Y 286, sem hafi verið Renault TL 12, árgerð 1978, með afsali, dags. 4. mars 1985. Umsamið kaupverð hafi verið 100.000,00 kr., sem stefndi greiddi með tveimur skuldabréfum. Bréfin voru öldungis samhljóða, hvort að fjárhæð 50.000,00 kr., gefin út af Stefáni Finnbogasyni, 8340-2415, Kjarrhólma 32, Kópavogi, til stefnda sem kröfuhafa.

Höfuðstóll bréfanna ásamt vöxtum og verðbótum skyldi greiddur í einu lagi 15.1. 1986. Grunnvísitala bréfanna er 1006 stig og vextir við útgáfu þeirra 4% p.a., en gátu breyst eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Bréfin voru tryggð með 5. veðrétti í fasteigninni Melavegi 16, Hvamms-tanga, samhliða sjö öðrum sams konar bréfum, svo að alls hvíldu 400.000,00 kr. á þessum veðrétti.

Stefndi ritaði framsöl sín á bréfin til Jóns Guðmundssonar, og eru þau dagsett 4. mars 1985.

Jón Guðmundsson hafi selt bréfin Sparisjóði Hafnarfjarðar, og séu framsöl hans til sparisjóðsins dagsett 19.6. 1985. Sé þar jafnframt tekið fram, að hann taki á sig fulla sjálfskuldarábyrgð á bréfunum.

Á gjalddaga bréfanna, 15.1. 1986, hafi borið að greiða 70.533,40 kr. af hvoru bréfi, höfuðstól, vexti og verðbætur, en ekkert var greitt.

Sparisjóðurinn bað þá um uppboð á hinni veðsettu fasteign, og hafi hún verið seld á nauðungaruppboði, án þess að nokkuð kæmi upp í skuldina.

Eigandi fasteignarinnar, sem reyndar beri ekki persónulega ábyrgð á skuldinni, sé gjaldþrota. Útgefandi bréfanna, Stefán Finnbogason, hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 11.12. 1986.

Málsástæður stefnanda séu því, að í ljós sé leitt, að gagngreiðsla stefnda fyrir bifreiðina hafi reynst ónýtt. Stefnandi hafi því rift kaupunum með bréfi til stefnda, dags. 12. mars 1987, og krafist þess, að hann greiddi andvirði bréfanna ásamt öllum á föllnum dráttarvöxtum og kostnaði, en stefndi hafi neitað. Stefnandi vísar í 42. gr. kaupalaga, nr. 39/1922, og 30. gr. samningalaga, nr. 7/1936, og til 36. gr. sömu laga.

Stefnandi bendir á, að upplýst sé í málinu, að stefndi hafi haft undir höndum umrædd skuldabréf og þurft að koma þeim í peninga og ekki getað það öðruvísi en með því að leita til bílasala, sem gætu komið bréfunum út fyrir bifreið. Stefndi hafi verið búinn að reyna að selja bréfin áður, en ekki tekist, og honum hafi verið vel kunnugt um, að skuldarinn á bréfunum væri eignalaus vanskilamaður. Þetta sé vel þekkt og tíðkað, þegar um verðlaus bréf sé að ræða. Ósannað sé, að stefndi hafi látið Jón heitinn vita, að skuldarinn væri eignalaus, og upplýst sé í málinu, að veðið hafi aldrei verið í því ástandi, sem Jón hafi mátt búast við, og honum hafi ekki verið sagt um ástand hússins. Í kaupunum hafi forsenda Jóns heitins verið, að bréfin myndu greiðast, og ábyrgð stefnda verið ríkari, þar sem upplýst sé, að hann hafi verið að selja bréfin og komið með þau að fyrra bragði til bílasalans.

Vilhelm Sverrisson bílasali hafi komið fyrir dóminn sem vitni og lýst þessum viðskiptum, og vitnið hafi upplýst, að stefndi hafi komið með skuldabréfin á bílasölu Matthíasar og skilið eftir ljósrit á staðnum, til þess að viðkomandi gæti kynnt sér þau.

Stefnandi vísar í fordæmi Hæstaréttar um svipuð tilvik í þessum dómum: 1969, 663. bls., 1968, 52. bls., 1970, 647. bls., og 1964, 900. bls.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að með afhendingu skuldabréfanna hafi kaupverð bifreiðar Jóns heitins, Y 286, verið greitt að fullu og þessum viðskiptum aðilanna endanlega lokið.

Umsamið kaupverð hafi verið 100.000,00 kr., og sé líklegt, að það orðalag sé tekið upp úr hinu staðlaða og prentaða afsalsformi. Með hliðsjón af því, sem síðar greini, sé réttmæti þessa orðalags umdeilanlegt, en hið rétta sé, að umrædd bifreið hafi verið seld gegn afhendingu beggja veð-

skuldabréfanna, og var gagnert um samið, að með afhendingu þeirra væru full skil gerð á kaupverðinu.

Stefndi segi, að gangverð á bílum af þessari tegund og árgerð hafi á umræddum tíma verið 80.000,00 kr., og var söluverð bílsins á bílasölu Matthíasar tilgreint með þeirri fjárhæð. Y 286 hafi hins vegar verið mun lélegri bifreið en gekk og gerðist, m.v. árgerð og tegund, en hún hafði orðið fyrir tjóni og skemmst að framan. Hafði viðgerð farið fram, en sú var þó ekki fullnægjandi. Þurfti það endurbóta við ásamt ýmsum fleiri atriðum, t.d. voru hemlar lélegir eða óhæfir, hjólbarðar ónýtir, bensínlok vantaði og vatn var í bensíngeymi, lakk var ónýtt og allt útlit bifreiðarinnar afleitt. Stefndi setti þetta þó ekki fyrir sig, ef viðunandi kaupverð kynni að nást, þar sem hann hugðist nota bifreiðina við atvinnu sína, en hann rekur bílamálunarfyrirtæki og hefur sæmileg tók á að annast sjálfur viðgerðir.

Kvaðst Jón heitinn sjálfur meta bifreið þessa á 50.000,00 kr. Hafði stefndi í höndum skuldabréfin tvö og bauð að greiða kaupverðið með þeim, en skv. útreikningi nam skuld skv. hvoru þeirra 53.820,25 kr. á afsalsdegi. Vakti stefndi athygli á því, sem reyndar var staðfest með athugun bílasalans, að greiðandi bréfanna væri ótryggur, og afhenti hann Jóni heitnum til athugunar ljósrit af báðum bréfunum. Hafði Jón heitinn ljósrit þessi til athugunar í tvo daga. Að þeim dögum liðnum kvaðst hann annaðhvort vilja fá 50.000,00 kr. fyrir bifreiðina staðgreiddar eða bæði skuldabréfin, þar sem algerlega gæti brugðið til beggja vona um þau. Lyktaði þessu svo, að Jón heitinn féllst á að telja bifreiðina greidda með afhendingu beggja bréfanna og stefndi féllst á að afhenda þau Jóni, og voru þeir sammála um, að Jón myndi þá hagnast vel, ef þau greiddust, en í versta falli ekki tapa meiru en „50.000,00 kall“. Var síðan gengið frá viðskiptunum með þessum hætti.

Málsvörn stefnda byggist því á, að með afhendingu skuldabréfanna hafi kaupverð Y 286 verið greitt að fullu og þessum viðskiptum aðila endanlega lokið. Var viðsemjanda stefnda gerð grein fyrir því, að stefndi ábyrgðist ekki greiðslu þeirra, en framselja varð hann bréfin, enda nafnbref. Enda þótt bréf þessi væru veðtryggð og ekkert lægi fyrir á þessum tíma, sem benti til þess, að veðið hrykki ekki fyrir skuldinni, taldi stefndi sér haganlegt að losna við bréfin á þennan hátt, þar sem skuldari þeirra er mágur hans og hann vildi gjarnan komast hjá því að þurfa að innheimta bréfin vegna þeirra tengsla, ef það reyndist nauðsynlegt. Hér var því um að ræða áhættusamning af beggja hálfu, nafnverð bréfanna með verðbótum og vöxtum vel helmingi hærra en verðmæti hinnar seldu bifreiðar nam og greiðandi þeirra ótryggur.

Stefndi bendir á, að vitnið Vilhelm Sverrisson bílasali hafi lýst því hér fyrir dómi, að bíll Jóns heitins hafi verið „sjúkskaður“ og í lélegu ástandi

og illa hafi gengið að selja hann, enda hafi þessi tegund aldrei verið vinsæl. Hæfilegt verð fyrir hann hafi verið 40-50 þúsund kr., og hann hafi verið seldur fyrir tvö skuldabréf, hvort að upphæð 50.000,00 kr. Vitnið Guðmundur Erlendsson hafi lýst hér fyrir dómi ástandi bifreiðarinnar og lýst því, að þegar girkassinn hafi farið fljótlega eftir kaupin, hafi ekki borgað sig að gera við hann, svo lélegt hafi ástandið verið.

Stefndi hafi sagt Jóni, að skuldarinn á bréfunum væri ekki góður og Jón hafi því viljað fá tvö bréf og sagt, að annaðhvort tapaði hann eða stefndi. Jón hafi því samið upp á það, að hann hafi ætlað að taka á sig, ef bréfin ekki greiddust, og þetta hafi verið áhætta á báða bóga, þar sem bifreiðin hafi verið léleg. Girkassi bifreiðarinnar hafi strax orðið ónýtur, og hafi stefndi farið til Jóns og talað við hann um það, en Jón hafi sagt: „Svona er okkar samningur. Við tókum áhættu, ég á bréfunum og þú á bílnum.“

Stefndi leggi því áherslu á það, að þarna hafi verið um áhættusamning að ræða og krafa stefnanda sé því út í hött. Jón hafi sjálfur selt bréfin í banka og tekið þar með áhættu, og stefndi eigi ekki að gjalda fyrir það. Stefnandi höfði málið sem skaðabótamál, en tjón Jóns hafi verið honum sjálfum að kenna, og hann hafi vitað, hver gagngreiðslan í samningnum var. Hér gildi caveat emptor-reglan, og ábyrgðin hvíli á Jóni, enda hafi ekki verið um nein svik að ræða, heldur áhættu beggja, og báðir hafi tapað.

III.

Telja verður upplýst í máli þessu, að ástand bifreiðarinnar Y 286, sem Jón heitinn Guðmundsson seldi stefnda fyrir tvö skuldabréf 4. mars 1985, hafi verið þannig, að eðlilegt verð fyrir hana hafi verið 40-50 þúsund kr. á þeim tíma. Jón Guðmundsson tók við skuldabréfunum, sem voru samtals að höfuðstól 100.000,00 kr., auk vaxta og verðbóta, sem greiðslu. Upplýst er, að hann hafi haft tíma og tækifæri til að kynna sér bréfin og skuldara þeirra og þar með veðið, sem átti að tryggja þau. Þegar þetta er virt, verður að fallast á með stefnda, að við kaup þessi hafi báðir samningsaðilar tekið áhættu og verið það ljóst. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að stefndi beri ábyrgð gagnvart stefnanda á skaða þeim, sem hann hefur orðið fyrir, og verður sýknukrafa hans því tekin til greina.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Ísleifsson, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðila, skiptaráðandans í Hafnarfirði, vegna dánarbús Jóns Guðmundssonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.